

Lög

Nr. 57.
30.
nóvbr.

um breyting á lögum um sauðfjárbaðanir nr. 46, 10. nóv. 1913.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

3. gr. orðist þannig:

Stjórnarráðið gefi með ráði dýralæknis út fyrirskipun um það, hvaða baðlyfja tegundir skuli nota og jafnframt greinilegar leiðbeiningar um meðferð og notkun þeirra.

2. gr.

4. gr. orðist þannig:

Fyrirskipanir um það, hver baðlyf skuli nota, skulu birtar í blaði því, sem flytur stjórnarvaldaauglýsingar fyrir 1. dag júnímánaðar ár hvert.

3 gr.

5. gr. orðist þannig:

Hreppsnefndir og bæjarstjórnir skulu hver í sínu umdæmi hlutast til um, að allir fjáreigendur í hreppum eða kaupstöðum hafi pantað næg baðlyf á sauðfje sitt, svo snemma að böðun geti farið fram samkvæmt fyrirmælum laga þessara.

4. gr.

Þá er lög þessi öðlast staðfestingu konungs, skulu þau færð inn í texta laganna um sauðfjárbaðanir nr. 46 frá 10. nóv. 1913, og getur konungur gefið út þau lög þannig breytt sem lög um sauðfjárbaðanir.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 30. nóvember 1914.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sig. Eggerz.